

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1960-1961
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal 16. september 1961

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar sækir hér með um styrk til starfsemi sinnar af fé því sem veitt er til héraðsskjalasafna á fjárlögum ársins 1961.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar tók til starfa á árinu 1960, en lögformlega var ekki gengið frá samþykktum þess fyrr en á þessu ári og hefur þjóðskjalavörður staðfest þær. Töluvert hefur þegar verið unnið að söfnun plagga og er það sem safnast hefur geymt í kössum í öruggri geymslu, sem þó er ekki nema til bráðabirgða. Hinsvegar er nú safninu tryggð geymsla og vinnustaður um næstu 10-15 ár, en eftir er að láta smíða hillur og borð og þess háttar.

Ákveðið er að halda áfram söfnun, og er ráðinn maður til þess, en fjárhagur er þröngur, því að safnið hefur engar tekjur nema styrk frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, sem eðlilega hafa ekki miklu fé að miðla.

Væntir því stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar þess að Menntamálaráðuneytið sjái sér fært að láta nokkra upphæð til starfsins í ár og eftirleiðis af fé því sem Alþingi veitir til slíkra safna hverju sinni.

Virðingarfyllst

F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar
Ingimundur Ásgeirsson (sign.)
p.t. formaður safnsstjórnar

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1961-1962
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal 20. október 1962

Um leið og Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar þakkar hinu háa ráðuneyti fyrir veittan fjárstyrk á árinu 1961, leyfir það sér að sækja um að það fái hlutdeild í því fé sem veitt er til héraðsskjalasafna á fjárlögum fyrir árið 1962.

Í árslok 1961 var búið að fá til Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 4492 númer ritaðra bóka, skjala og bréfa af ýmsu tagi, enn fremur nokkuð af myndum, aðallega mannmyndum. Á þessu ári, 1962, hefur og verið unnið töluvert að söfnun, bæði skjala og mynda. Hefur miklu af því er safnast hefur, verið raðað upp í safngeymslunni í Borgarnesi, en ekki hefur safnið enn verið opnað fyrir almenning.

Ákveðið hefur verið að kaupa til safnsins myndþynnur (filmur) af kirkjubókum (sálnaregistrum og prestþjónustubókum) og ýmsum sýsluskjalabókum úr Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, og einnig af ýmsum mannfræðiritum og manntölum, ennfremur lesvél til að geta hagnýtt sér filmurnar. Hafa Borgarfjarðar og Mýrasýslur veitt safninu nokkurn fjárstyrk í þessu skyni, en þó vantar enn töluvert fé til þessara kaupa og annarrar starfsemi safnsins. Væntir stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar, þess, að ráðuneytið sjái sér fært að veita safninu fjárstyrk eftir því sem framast er unnt.

Virðingarfyllt

F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar

Ingimundur Ásgeirsson (sign.)
p.t. formaður safnstjórnar

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1962-1963
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal 30/11 1963

Stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar fer hér með fram á það við hið háa menntamálaráðuneyti, að það veiti styrk til safnsins af fé því, sem veitt er á fjárlögum ársins 1963 til héraðsskjalasafna.

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar skortir að vonum mjög fé til starfrækslu sinnar og væntir því þess, að ráðuneytið veiti því eins háan styrk og það telur frekast fært.

Hérmeð fylgir yfirlit um starfsemi safnsins árið 1962 og fram eftir árinu 1963.

Virðingarfyllst

F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar

Ingimundur Ásgeirsson (sign.)

p.t. formaður safnsstjórnar

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík

Yfirlit um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar árið 1962 og fram eftir árinu 1963

Ari Gíslason fræðimaður, starfsmaður safnsins ferðaðist um Borgarfjarðarhérað og kom á 80-90 bæi á árinu 1962.

Alls safnaði hann 2342 númerum af ýmsu tagi og auk þess allmiklu af ljósmyndum (mannamyndum). Söfnun hefur verið haldið áfram á yfirstandandi ári. Keyptar hafa verið til safnsins frá Genealogical Society í Salt Lake City í Utah, USA, 178 spólur af filmum, aðallega af kirkjubókum, dómsskjölum og fleiri sýslubókum úr Borgarfjarðarhéraði.

Enn fremur af Ævisögum lærðra manna og fleiri æviskrárhandritum og af ýmsum ættfræðibókum. Þá hefur verið keypt lesvél og nokkrir stólar og möppur utan um skjöl.

Verður safnið væntanlega opnað almenningi til afnota á lestrarsal innan skamms tíma. Fleira þykir ekki ástæða til að taka fram að sinni.

Virðingarfyllst

Ingimundur Ásgeirsson

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1963-1964
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal
17. nóvember 1964

Stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar fer hér með fram á það við hið háa menntamálaráðuneyti, að það veiti safninu styrk af fé því sem veitt er á fjárlögum ársins 1964 til héraðsskjalasafna.

Vegna mikillar fjárþarfar væntir stjórn safnsins, að ráðuneytið veiti til safnsins eins háa styrkupp hæð og það telur sér frekast fært.
Stutt yfirlit um starfsemi héraðsskjalasafnsins árið 1963 fylgir hér með.

Virðingarfyllst
F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar
Ingimundur Ásgeirsson

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Yfirlit um starfsemi héraðsskjalasafnsins árið 1963

Á árinu 1963 voru keyptar microfilmur frá Utah í Bandaríkjunum af öllum kirkjubókum og skiptabókum og nokkrum dómabókum úr Borgarfjarðarhéraði, manntölum um allt landi til og með árinu 1901. Ævir lærðra manna Hannesar Þorsteinssonar, Prestaævum Sighvats Borgfirðings, ættartölubókum Jóns Espólíns, Steingrímis biskups og Ólafs Snókdalíns. Einnig var keypt lesvél. Kostnaður við þessi kaup var rúml. kr. 50.000,00
Ennfremur var keyptur húsbúnaður fyrir rúml. kr. 10.000,00

Ari Gíslason kennari ferðaðist eins og að undanförunu um héraðið og víðar til að safan ýmsum plöggum til safnsins og varð safnaukning af því 2217 nr. af ýmsum skrifuðum plöggum og 412 stk. myndir, aðallega mannamyndir. Alls ferðaðist hann 3000 km í þágu safnsins og koma á 180 bæi í héraðinu. Heildarkostnaður safnsins á árinu 1963 var um kr. 88.000,-

Á árinu 1964 hefur Ari Gíslason einnig ferðast um héraðið og safnað skjölum og mynduym, verður gefið yfirlit um þá söfnun næsta ár.
Samið hefur verið við Gunnar Rúnar Ólafsson ljósmyndara að ljósmynda (ljósrita) allar búnaðarskýrslur úr Borgarfjarðar og Mýrasýslum frá því að hafizt var handa um gerð þeirra 1787 og um næstu 40 ár. hafa skýrslur þessar mjög mikinn og athyglisverðan fróðleik að geyma. Ennfremur verða ljósrituð fleiri hagfræðileg gögn frá 18. öld.
Er þess að vænta að verki þessu verði lokið á þessu ári. Kostnaður við þetta verður að sjálfsöðgu mikill, enda til mikils að vinna því að gögn þessi hafa verið illa tiltæk fram að þessu.

F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar
Ingimundur Ásgeirsson (sign.)

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1964-1965
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal
4. nóvember 1965

Stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar leyfir sér hér með að æskja þess að Menntamálaráðuneytið veiti styrk til safnsins af fé því sem ætlað er til héraðsskjalasafna á fjárlögum ársins 1965.

Á árinu 1964 var unnið áfram að söfnun skjala og fleiri plagga m.a. mannamynda úr Borgarfjarðarhéraði, og hefur því verið haldið áfram á árinu 1965. Er nú búið að skrásetja 9910 númer, auk ca. 1000 mannamynda. Er nú alllangt komið að raða safninu upp. Á þessu sama tímabili hefur safnið látið ljósritia Búnaðarskýrslur („ökonomiske Tabeller“) úr Borgarfjarðarhéraði frá árunum 1787-1827. Það sem til er af þeim á söfnum eða fundist hefur til þessa. Sakir fráfalls ljósmyndarans eru ekki allar þessar skýrslur komnar til safnsins.

Á næsta ári er hugsað að láta ljósrita jarðabókarskjöl Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, það sem tilheyrir Borgarfjarðarhéraði.

Nauðsyn ber til að verja nokkru fé til bókbands og annarra aðgerða á ýmsum gögnum safnsins.

Má af framansögðu sjá að safninu er þörf á að afla sér tekna eftir því sem verða má og væntir því þess að hið háa ráðuneyti veiti því styrk eins háan og það telur sér fært.

Virðingarfylst
F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar
Ingimundur Ásgeirsson (sign.)
p.t. form. safnstjórnar.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Skýrsla um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar 1965-1966
Þjskjs. Skjalasafn Menntamálaráðuneytisins, afh. 1989 B/1502

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Hæli í Flókadal

31. des. 1966

Stjórn Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar leyfir sér hérmeð að óska eftir því að hið háa ráðuneyti veiti styrk til safnsins af fé því sem veitt er á fjárlögum ársins 1966 til héraðsskjalassafna. Um leið vill stjórn Héraðsskjalasafnsins þakka veittan styrk á undanförunum árum.

Á árunum 1965 og 1966 hefur gæzlumaður safnsins, hr. Ari Gíslason kennari og fræðimaður, ferðast um Borgarfjarðarhérað til að safna gögnum fyrir safnið. Skv. skýrslu hans voru safnnúmer í árslok 1965 11086, þar með taldar 1020 gamlar myndir.

Á árinu 1966 hefur bætt mikið við safnið og munar þar mest um plögg er Þjóðskjalasafnið afhenti skv. lögum um héraðsskjalasöfn, en auk þess var ljósmyndað og ljósritað talsvert af plögum sem eru á Þjóðskjalasafni og verður því haldið áfram á næsta ári.

Húsnæði það sem safnið hefur haft að láni er að verða of lítið og lánstúminn einnig að stytast, svo að óhjákvæmilegt verður að útvega safninu annað og betra húsnæði. Hefur verið rætt um að byggja yfir Héraðsbókasafn Borgarfjarðar og Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar og fleiri söfn sameiginlega byggingu í Borgarnesi, enn hefur þó ekki verið hafizt handa um þá framkvæmd.

Nauðsynlegt er og að kosta nokkru til bands á ýmsum bókum safnsins. Fjárþörf Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar er því ærin og treystir stjórn þess að ráðuneytið geti veitt því nokkurn fjárstuðning.

Af sérstökum ástæðum hefur dregizt að senda umsókn þessa og kemur það vonandi ekki að sök.

Virðingarfyllt

F.h. Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar

Ingimundur Ásgeirsson (sign.)

Til Menntamálaráðuneytisins